Item. Þa skal vor Endurlausnare og Frelsare vppuekia þa Daudu a þann seinasta Domsdag / huad ed sama öllū Skiepnum er omögulegt. Jæ ad vijsu Allar Skiepnur gieta ecke af sinne eigen Magt eina Myflugu af Dauda vpp vaked / enn sijdur alla Menn/huörra Lijkamer ad eru so ymislega foreydder og fwner/En þetta skal vor Frelsare a einu augabragde giört gieta/ Þar fyrer þa hlytur hann i Sannleika ad vera eirn Almattugur Gud.

V.

Ad sijdustu skal vor Endurlausnare giefa oss/ sem hann hefur af Dauda vpp vaked/ og mdur erū hier burt sofnader j Trune til hans/oss a hann ad giefa eitt eilijft Lijf/Eilijfa Glede/ og eilijfa Salubialp. En huör er sa þ kunne ad giöra/ nema Gud alleina?

J viij. Nied

Med þessu er nu noglega beuÿsad ↄ stadfest/ ad vor Medalgóngu madur og Sæluhialpare/ sie eirn sañur Gud/ ↄ fyrer huórra Greina saker/ ad Naudsyn var/ þ hañ vœre sañur Gud.

III.

Hinn pridie Partur og Høfudgrein vt af Herranum Christo.

Þad pridia/ siñ vier eigum ad vita vt af Jesu Christo vorū Frelsara/ er þ/ ad hañ sie sañur Madur/ og fyrer huórra Greina saker þad var naudsynlegt.

Aller Menn christner trua/ ad hann fœddest Madur/ og er eñ nu Madur/ og skal vera eirn Madur ad eilÿfu. Gud lofade 3. Cap. Gene. Ad vor Frelsare skylde vera Sœde Kuiñuñar. Gud lofade Abraham/ ad j hans Sœde skylldu Blessast allar þioder/ Gud lofade Dauid Konge/ ad hans Son skylde sitia a hans Konglega Stole/ og rÿkia eilÿflega: Esaias spœde fyrer/ ad ein Jomfru skylde oliett verda ↄ Son fœda/ ↄ hñs Nafn skylde kallast Emanuel/ þ þyder Gud med oss/ þad er ad skilia/ hñ skylde vera bœde Gud og Madur.

Þesū

Þessum Spasögum verdur Guds spiallsins historia j allann mata samhliodande/Gabriel Eingell var sendr af GVDE/til Jomfru Mariu/ok bodade hene/ad hun mundi Son fæda/ok kalla hann Jesum/huor ed eirnen skyllde heita Sonur Guds Almattugs. Enn er hun slykt heyrde/vndradest hun ok sagde/huornen skal pad skie/pui eg hefe enn ei Mann kient? Pa suarade Eingellen ok sagde til hennar/ad hun skyllde gieta af peim Heilaga Anda/pad er/hun skylde ecke gieta af Kallmans Sæde/epter Natturunar Edle/helldr af Guds Krapte/Epter Guds Vijsdoms Rade. Og Eingellen endar sijna Rædu mz pessare Mals grein/sem Menn christner ættu alla tijma fyrer Augum ad hafa/Par er eingen hlutur fyrer Gude omöguleger.

Attunda Dag epter hans Fæding/var hann vmskoren sem önnur Gydinga Börn/epter Lögmalenu/hann var vpp fostradur af Joseph og Maria/proad est ad Nad og Vijsdome hia Gude og Mönnum/ok var med öllu mote sem önnur natturleg Manneskia/hafde Sal og Lykama/ok allt mannlegt Edle/an Synda.

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

Þetta er vor christeleg Tru/vm Jesu Christi Mañdom: / huad vier og eirnen jatum j vorre Truargrein/ seigande/ Eg true a Jesum Christum vorn Drottten/hvsr gieten var af Helgum Anda/fæddur af Mariu Meyiu/ &c.

Enn huór Naudsyn var þar til ad vor Frelsare og Endurlausnare skyllde vera eirn sañur Madur: Andsuar. Fiorar Greiner ma finna j Heilagre Ritningu/ huar fyrer Christur hlaut ad vera sañur Madur.

j Hin fyrsta/ er Guds Rettlæte.

ij Su ønnur er/ ad Guds Mynd og Lyking sem Maduren var j ønduerdu epter skapadur/ hun mætte endurnyast.

iij Þridia/ so ad vier yrdum Guds Børn.

iiij Þad fiorda/ ad vier værum visser vm vora Vpprisu af Dauda.

I.

Su fyrsta Grein/ huar fyrer Christus vard eiñ sañur Madur/ þa er þesse/ Guds Rettlæte vilde/ ad þad Bodorda Brot/ og su Ohlydnen vid Gud/ siñ skiede

ſkiede fyrer mannlega Natturu j Syn
Adams/ſkyllde j þeirre ſömu mannligre
natturu bætaſt þt ſo hæfer fyrer Gud
legu Riettlæte. Fyrſt Mañkynet allt var
ſyndugt ordid fyrer eirn/ t j einum Mañe
ſem var Adam/ þa ſkyllde einhuor eim
Madr/ af öllu Mankyne/ ſa ſem Synd
laus være/ lyſda Syndareñar ſtraff/ öll
u ödrū til fullnægiu / Botar t Bitaligs

Fyrer þeſſa Grein tok vor Drotten
mañlega Natturu a ſig/ og vard ſañur
Madur/ t tok vppa ſig Perſonu t Mal
efni Adams/ ſo ad hann kynne j ſynum
Mañdome vnder ad ganga þad Synda
gialld og Straff/ſem mañleg Nattura
forbienad hafde. Hier fyrer ſeiger S.
Pæll til Rom. 5. Cap. Ef Dauden dr
ottnade fyrer eins Synd/ ſem ſkiede af
einum/ þad er Adam/ Huad myklu meir
ſkulu þeir ſem medtaka þa yfergnæfan
legu nadariñar Gafu og Riettlæte/ dr
ottna j Lyfenu fyrer eirn/ Jeſu Chriſtu.
Framueigis ſeiger S. Pæll/ Lyka
ſem þeir mörgu (þad er aller Meñ) vrdu
ſynduger fyrer eins (þad er Adams) O
hlydne/ So ſkulu fyrer eins (þad er Chr
iſti) Hlydne/ Aller verda riettlæter. Jtu

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

fyrra Piſtle til Cor. 15. Cap. Med þui Daudenn er komenn fyrer einn Mann (sem er Adam) þui matte Oppriſan þra Daudu ad skie fyrer eiñ Mañ/ þad er/ fyrer Jesū Christū/ Hebr. 2. Cap. Med þui Börnen eru Hollds og Blods hluttakarar/ þa matte hañ og eirnen Hollds ꝛ Blods hluttakande ad verda/ so ad hñ/ fyrer Daudan/ feinge þañ yfirumed/ siñ med Daudanum yfer drottnade/ þad er/ Diöfulen. Hier koma vid Ord hins Heilaga Jrenei þar hañ so seiger/ Sa sem Syndena skyllde deyda/ og endurleysa Mañkyned/ siñ til Dauda var skylldugt hañ hlaut ad verda þad sama/ sem þ var/ Þad er/ Hann hlaut ad verda eiñ Madur. Og Agustinus seiger so/ Hollded sueik þig/ Hollded læknar þig/ Jæ/ Þar fyrer kom Christus/ ad hann villde med sijnu Hollde af mañ Hollds ins Synder.

II.

Su aunnur Grein/ hnar fyrer vor Frelsare matte ad vera ein sönn Mañeskia þa er þesse/ So ad Guds Mynd ꝛ Lijk ing epter huörre Mañeskian sköpud var mætte endurnyast og lagfæraſt/ og vpp

apt:

apt: vidrietteſt j Mañenū/ huad ecke giö-
raſt kuñe/ nema fyrer Guds ſialfs nætt-
urlega Mynd/ ſem er hans einka Sonur
huór ed og ſo þar fyrer tok manndom/
ad hann vilde Guds Mynd vpp aptur
reiſa ↄ hana endurnyia /j óllū þeim ſñ
a hañ trua/ ↄ jnnplantader verda j hñs
Líkama/ fyrer eina lífkröptuga Tru.
Þar fyrer ſeiger ſo hiñ helge Athanaſius
/ Þad hæfde/ ad Guds Son tæke mañ-
liga Nætturu/ ſo þeſſe Perſonan/ ſem
er Fódurſins hin ſanna og nætturlega
Mynd/ endurſkapade j oſſ þa Guds
Mynd/ ſem vier miſtum fyrer Adams
Synder.

III.

Hin þridia Grein/ þui vor Frelſare
og Endurlauſnare ſkyllde vera ſannur
Madur/ hun er þeſſe/ Ad vier fyrer hañ
ſkylldū verda Guds Börn. Þuiad/ Þar
fyrer tok hañ mañlega Nætturu/ ↄ jnn-
batt ſig ſo vid oſſ me ð mañlegre Nætt-
uru/ og vard vor Broder/ ad þa/ Nær
vier blýfum hans Limer fyrer Truna/
þa ſkylldum vier verda og nefnaſt Guds
Börn. Ad vijſu/ Fyrer þañ ſkulld erum
vier/ og heitum vier Guds Börn/ ad vier

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

erum fyrer Truna / vti Christo / sem er Guds nætturlegur Sonur. Þuiad vti Christo / og fyrer Christi skulld elskar Faderen oss / og helldr oss fyrer sijn Börn / so sem seiger Johañes 1. Cap. hñ hefur giefed öllum þeim sem trua a hñs Nafn / þa Makt og Æru / ad þeir skulu vera Guds Börn. Þetta stadfester t S. Paull til Gal. 4. Cap. Þar hañ so seiger / Þa sa tijme var komen / vt sende Gud sinn Son / fæddan af Kuiñu / Lögmælenu vndergiefen / Uppa þad / ad hñ fæyllde endurleysa þa sin vnder Lögmæl sins Lydskyldu voru / so ad vier mættu ktosast til hans Barna / Og af þui vier erum Guds Börn / þa hefur Gud vtsent sijn Anda j vor Hiörtu / sijn kallar Abba (þad er) Fader. Þessarar meiningar er t þad / huad Jereneus seiger / Vier höfum ecke hlutskipte matt j þeirre Von ad vera Guds Börn / nema vier hefdum af hñ þad hlutskipte ödlast / fyrer hñs Son / þad er ad skilia / Nema hans Sonur hefde orded Madur fyrer oss.

III.

Hin fiorda Grein / huar fyrer vor Frelsare hlaut ad vera ein sañur Mad-

ur /

ur/hun er þesse/ad vier mættum vetda
fulluissser vppa vora Vppriſu/af Dau-
da: Þuiad su sanna Stadfesta vorrar
vppriſu/ Makt og Kraptur/ er hier j
folgen/ ad vor medalgangare ⁊ Sælu-
hialpare sie sañur Madr. Þar fyrer þa
er þetta vor einka Von og visselig Sañ-
inde/sem vier hofū vm Lykamans vpp-
risu/ad Christur vor Frelsare hefur vort
Hollð a sig teked/ so ad þesse Lykame
sem vier nu hofum / og vndergiefen er
adskilianlegum Veykleika/ ⁊ forrotnan
hann er nu þegar allareidu vppuakrur j
Christo/og er jñ komen j Himerike/⁊ er
þar odaudlegur orden/ Þar fyrer munū
vier vppuekiast/ og af Dauda vppryſsa
a þann seinasta Dag/af þeim Krapte
sem er j Jesu Christi Dyrdarsamlegum
Lykama/mz huǫrū hann hefur sig vid
oss innbunded og oss ad sier teked. Þa
mun oss ⁊ eirnen giefen verda vpp a Ly-
kamans vegna Odaudligleike/so ad vier
skulum alldrei meir deyia/ helldur vera
samlyker vorum Brodur Christo ad ei-
lyfu/og niota med honum Glede ⁊ Sæl
uhialpar. Þetta avyssar S. Paul i Cor.
15. Cap. Christus (seiger hñ) er af Dau-

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

þa vppriſen/ſa fyrſte Auǫrtr j bland þra ſem ſofnader voru/ Med þui ad Dauden var komen fyrer eina Manneſkiu/ ſo ſkal og Vppriſan af Dauda ſkie fyrer eirn Mann/ þuiad lijka ſem ÞEIR ALLER eru dauder af Adam til/ ſo ſkulu ÞEIR ALLER lifande verda/ fyrer Chriſtum.

Hier fyrer/Nær nǫckur fær þa Freiſting/ad hann efar Lijkamans Vppriſu/ þa vpphefie hann ſitt Hiarta til Jeſum Chriſtum/ ſem er af Dauda vppriſen/ hann ſame gietur vpp vaked oſſ/ af þui hann er einn Almattugur Gud/hann vill vpp vekia oſſ/ þuiad hann er vor Broder/ og hefur þa hina ſǫmu Mannlega Nattura ſem vier hǫfū. Þar fyrer ſeiger S. Paull til Phil. 3. Cap. Vier eigū heima j Himnenum/ edur ſo/ Vort Heimile er j Himnenum/ huadan vier vęntum Frelſarans Drottins Jeſu Chriſti/ huǫr ed vmbreytą ſkal vorum outrdugliga Lijkama /ſo hann verde lijkur hans Dyrdarſamlega Lijkama/ fyrer þann Krapt og þa Magt/med huǫrre hann kann ſier alla Hlute vndergiefna ad giǫra.

Þeſſar eru nu þær fiorar/ merkeleg-

ar

ar Greinar/hvar fyrer par læ so storleg-
a Nakt a/ad vor Frelsare take Mann-
dom/og yrde oss lykur j Mañdomlegre
Natturu/ Huóriar Greinar vier med
jafnade vmhuxa ættū/so ad vier hóck-
udum Gude Fódur/sem so minkade sinn
Son/ad hañ liet hñ Mañ verda oss til
Endurlausnar ꝑ Sæluhialpar.

IIII.

Hinn þiorde Partur og Høfu-
udgrein vt af Herranum Christo.

Ad fiorda sem óllum Christnum món-
um ber ad vita vt af vorum Frelsara
Jesu Christo/er þetta/ Ad hann er ein
Persona/ eñ eige tuær Personur/Og fy-
rer huória Grein hañ hlaut ad vera ein
Persona.

Ad Christur sie ein Persona/ enn ei
tuær Personur/ so sem ad þar eru tuær
Natturur/ Guddomleg Nattura/ og
Mañdomleg/ þad sama audsyna oss a
medal annara Greina þesser epter fylg-
iande Vitnisburder.

Johañes 1. Cap. Seiger so/Ord-
ed vard Holld(þad er) Guds Son vard
Madur. Þar epter seiger hañ/Og vier

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

saum hüs Dyrd/so sem Guds eingietins Sonar. Hefdu nu þar vered tuær Personür/ þa hefde hañ so ad Orde komest/ vier saum þeirra Dyrd/ enn ecke hans Dyrd. Math. 3. Cap. Kom þesse Guds Fódurs Raust yfer Jesü Mariu Son/ þar hañ var skýrdur af Johañe/ Þesse er miñ elskulegur Sonur huór mier vel þocknast/hlyded hónum. Hier mz kiemer Gud Fader þeñan Mariu Son ad vera siñ Son/og seiger/Heyred hónum. Hefde þar vered tuær Personur/ þa hefde hann sagt/ hlyded þeim/Til Ephesíi iiij. Cap. Seiger S. Paall so Christus sem ofan stie/hañ er sa hiñ same sem vpp for yfer alla Himna/so ad hañ alla hlute vpp fyllde.

Þetta medkieña aller Meñ christner so sem þad og skrifad stendur/ j þeirre Truarjatningu/ sem hinn Helge Athanasius giórt hefur.

Þetta er riett Trua(seiger hañ) Ad vier truum og jatum/ þad vor Drotten Jesus Christus Guds Son/ sie Gud og Madur.

Hañ er Gud af sýns Fódurs Veru/ fæddur fyrer allar Allder/og ein Mañ-

eskia

eskia af sinar Modurs Veru / fœddur i Heimen / eirn fullkomlegur Gud / ein fullkomleg Manneskia / med Skynseme / Sœlu og mannlegu Hollde.

Hann er Fodurnum jafn Guddomsins vegna / en Fodurnum minne Manndomsins vegna:

Nu en þo han sie Gud ok Madur / þa er hann ecke tuent / Heldr einn Christus.

Ad vtsu er hann eirn / Ei þ / ad Guddomuren sie orden Holld / heldur af þui ad Mandomuren er af Gude mz teken.

Han er med ollu eirn / Ei af Samblendinge Veruner edur Vnderstodunar / heldur af einingu Personunar.

Þuiad likt sem Sœl og Lykame / er einn Madur / so er Gud og Madur / einn Christus:

En huar fyrer ad þad var naudsynlegt / ad Jesus Christus Gud og Madur vœre ein Persona / en ei tuœr / likt sem þ han hefur Natturunar tuœr mz sier.

Hier eru margar merkelegar Greiner til / af hodrum eg vil fœr einar fraintelia:

I fyrstu / atte vor Medalgangare Gud og Madur / ad vera ein Persona / so

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

ad hañ feinge forlÿkt Gud og Mañeskiuna / Og þui er hañ Fódurnum teingdur j Guddomenum / Eñ Mónnonum med sónnum Mañdome / ad hañ kynne so og giæte Gud vid Meñina sætt / ⁊ mz þm saman dreiged og þa forlÿkad.

Þar næst / Sa sem vera skal Medalgóngu madur / a medal tueggia osættra / hñ kiemur ei neinu goodu til leidar / ef hañ er añars Vinur / eñ añars Ovinur / Eirñ Medalgangare hlytur jafn ad vera a bædar sÿdur.

So er eirnen vor Medalgangare Jesus Christus. Gude er hañ teingdur / med Guddomlegre Nætturu / a mote huórtú syndgad var / Mónnonum er hañ teingdur med Manndomlegre Nætturu / so hañ kynne saman ad draga / sætta og forlÿka Gud ⁊ Meñena / med þui Samlage og þeim teingdum sem hñ af huórium vm sig hafde. Lÿka sem þad Ireneus 20. Cap. hiñar þridiu Bokar seiger / Huar hañ kieñer fyrer huória Grein Guds Son hafe medteked Mannlega Nætturu og orded sañur Madur. Þad var naudsynlegt (seiger hañ) Ad sa sem er Medalgangare mille Guds ⁊ Mańa / ad hñ

ad hañ forlÿkte þa/ fyrer þa einkng og
nætturlega skyllðseme/ ⁊ teingder sín hñ
vid Bæda hafde/ so hann þui til leidar
kiæme ad Gud tæke Mañeskiuna j sætt/
og ad Mañeskian giæfe sig vnder Gud.
Theodoretus seiger so/ Lÿka sem sa er
tuo missætta vill sætta/ hann giefur sig
fram j mille þeirra/ og tekr sín vid hu-
ðra hönd/ ⁊ kiemur þeim vm sÿder til/
ad huðr selur ðrum Grid med handta-
ke/ so giðrde HANN/ þa er hañ saman
teingde Guddomlega Nætturu ⁊ Mañ-
domlega/ þa giðrde hañ Frid þeirra a
mille jñbyrdis/ þañ ei kann ad riufast/
nie sundur ad slÿtast.

Framñueigis epter fylger og þetta/
Ef vor forlÿkunar Madur Christus/
hefde ecke vered einasta ein Persona/ þa
hefdu og ecke hans Giðrningar/ sem hñ
giðrde oss til Endurlausnar/ vered nog-
legt og fullkomlegt Verd fyrer Synder-
nar/ med huðrium sa eilÿfe Gud var
stygdur ⁊ fyrerliteñ/ þa være Mañesk-
ian samt vnder Daudañ vegna Synda-
a/ huðr daude mz Dauda hlaut yfer ad
viñast. Eñ nu kuñe hañ/ sem ei var vtan
Gud ad eins/ ecke ad smacka nie lÿda

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

Daudan. Og hañ sem ei var vtan Madur ad eins / gat ecke helldur Daudan yfer vñed / Par fyrer vard Gud Madur / ↄ tok vppa sig Mañdomlega Natturu / so ad sa same sem Bæde var Gud ↄ Madur / hañ giæte giört og skyllde fullnægiu giöra fyrer þñ eilýfa Dauda / sem Mañ kyned matte ad lýda. Hier fyrer med tok Guds eilýfur Sonr Mañdomlega Natturu a sig / so ad Gud ↄ Mañeskian yrde ein Persona / vpp a þad / ad þau Verk sem Christus giörde vtý sinne Mañlegre Natturu / kyñe ad hafa eilýfan Krapt og vera ovmrædelega dyrmæt.

So hefur Jesu Christi Daude ↄ Blod / Jæ ad sönnu / aller hans Velgiörningar og Motlæte / sm hañ giörde og leid a sýnu Holde / ↄ j sine Mañlegre Natturu / ovmrædelegañ Krapt / og er j allan mata fullkomlegt dyrmætt / og eitt Verd / öllum Holutum agiætara og dyrmætara a Himne og a Jördu / saker þss arar einingar / ad Guddomleg Natttura og Mañdomleg / eru j eitt saman komnar j þessare Personu / sem er Jesus / So ad Gud ↄ Madur / er einn Christus.

Hier af kiemur öll su Magt og allur

ur sa Kraptur sem med Christo er/ til ad afmæ Syndena/ ad fyrergiefa Syndena Kiettlæta ꝛ Sæluholpna ad giöra alla þa sem trua a þeñan vorn Frelsara Jesum Christum.

Nu þo ad Christus hafe a Holldenu lided/ sem S. Petur seiger/ þa tilreiknast ꝛ legst þo Pýnan ꝛ þeñar Verdskulldan Christi Personu/ vegna þrar Samteingingar/ ad tuær Næturur Guddomleg ꝛ Mañleg/ Eru ordnar ein Persona. Petta kann af þuilýku Epterdæme enn betur ad vnderstandast ꝛ skiliast.

Huór Madur hefr Sæl ꝛ Lýkama. Sumer Giörningar eru þeir/ sem fyrer Sælarinñar Krapt verkast/ sem er ad hugsa/ reikna/ telia/ og annad þuilýkt þad Sælen verkar. Sumt verkar Lýkamen sem er ad höggua/ smýda/ skrifa/ ganga og standa/ og añad þessu lýkt/ huórt þad er gott edur illt. Petta allt saman sem Maduren giörer/ huórt þad verkar Sælen/ edur Lýkamen/ edur huórtueggia/ þ er eignad Mañsins Personu.

So er og hættad vm vorn Herra Christum/ Sumt giörer hann med Guddomlegre Næturu/ Sumt med sýnum

Mañdom. Eñ allt saman til legst þad og heyrer Christo til/sem er bæde Gud ✝ Madur / Þar fyrer heyrer ✝ Christi Daude/ sem hañ a Lýkamanum leid þeirre allre Personuñe til/sem er bæde Gud og Madur. Og þar fyrer talar S. Lucas riettelega/þar hañ seiger/Ad Gud hafe vtuegad sier Sóknud/med sýnu Blode. Sómuleidis seiger hañ ✝ med sañleika/ Jesus Mariu Sonur hefr skapad Himen og Jórd/Þuiad Jesus ✝ Guds eilýfur Son/er ein Persona.

Þetta meinar ✝ hin Heilage Cyrillus / þar hañ so seiger/Med þui/ad þad Holld sem er Guds Sonar eiged Holld/ hefur Pýnst/ þar fyrer er þad riett talad / ad Guds Son hafe pýnst fyrer oss. Ad výsu/ Hier af kiemur þ/ad óll Christi Verk sem hann giórde og leid oss til Endurlausnar / þau eru Guddomleg/ hialpsamleg/og ovmrædeliga dyrmæt/ so ad vid þau kañ eingen hlutur ad met ast edur jafnast/ huórke a Himne nie a Jórdu/ sem fyrr var sagt.

Hier hefur nu ein Samuiska sem er sorgfull sókum Syndanna oseiganlega Glede og Huggan. Fyrst þessa/ad epter

þad

þui Christi Daude hañ er so dyrmætur/ ad eingen hlutur kañ vid hañ ad lijkiast nie virdast jafnast edur metast/ þa geing ur hñ langt yfer allar Synder/ huórsu storar sem þær eru/Vm þetta talar og seiger Augustinus/Guds Myskunseme er myklu meire eñ Eymd allra Syndugra. Og S. Paall seiger/Huar Synden yfer gnæfer/þar yfer gnæfer † Naden/ Jæ/ Naden er myklu yfergnæfanlegre enn Synden.

V.

Hiñ fimte Partur edur Høfudgrein/ Vt aþ vorum Lausnara Jesu Christo.

Þad fimta sem eg setta fraiñ/þ naudsynlegt er ad vita vt af Jesu Christo/ þad er þetta/ Ad hañ er Sæluhialpare vor Mañaña/og huórnen hann þessare Sæluhialp til vegar kiemr.

Nu þo ad þetta hafe titt og opt vered ahrært j fyrerfarande Rædu þessa Mals / þa er þad eñ ei so lioslega vtlagt j øllum sijnum Greinum og þórtũ/ sem þórf krefur/ þar fyrer vil eg nu þar fleira vm tala/ † j fyrstu af Ritninguñe

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

nockra Vitnisburde fram setia / þeir ed votta ad Christus sie Mankynsins Saluhialpare. Þar epter vil eg skyra fra / j huorn mata ad hann sie Saluhialpare Manneskiunar.

Moses seiger j sinne fyrstu Bok / Kuinuñar Sæde skal sundur meria Höggorms sins Höfud / þad er / Christus skal eydeleggia Diofulsins Verk / og Manneskiune hialpa j fra Syndene / Daudanum / Böl uanene / og Helugte / og giora hana riettlata / lifande / Blessada / og sñfara hana aptur j Riike Guds. Petta er og þ / huad Gud seiger til Abrahams / J þinu Sæde skulu blessast allar Pioder / þ er / þar skulu frelsast fra Böluanene ✝ verda Saluhialplegar. Gabriel Eingell seiger ✝ so til Jomfru Mariam / Þu skallt hans Nafn kalla Jesus / þuiad hañ skal frelsa sitt Folk af þeirra Syndum. Til Hirdarana sagde Eingellen / Sia / Eg boda ydur myken Fögnud / þuiad ydur er fæddur eirn Frelsare j Betlehem. Sömuleidis seiger S. Paall / Petta er sönn Rada og truanleg / Ad Jesus Christus er komen j Heimen / til ad frelsa Synduga.

Huad er þörf / marga Vitnisburde hier

hier vm fram̃ ad tella? Aull Heilög Kit
ning kienner oss/ ad Jesus Christus er
Heimsins Frelsare og Sæluhialpare.

Enn med huöriu mote þa er hann
Heimsins Frelsare og Mannanna Sælu-
hialpare?

Þad skiedur fyrer þessa sinn̄ Vel-
giörninga/ huöria ed hann oss veiter
og giefur.

j Nin̄ þyrste/ Nan̄ giefur oss þann
sanna Vijsdom og Skilning/ sem vier
adur ecke høfdum af oss sialfū til.

ij Þar næst/ burt tekur hann fra oss
Syndernar þær vier høfum med oss/ og
j vorre Natturu eru.

iij Sa þridie Velgiørningur er/ Hñ
giefr oss Riettlæte/ huørt vier ecke høfū

iiij Sa fiorde/ Nan̄ giører oss Heila-
ga med sijnum Anda/ r endurfæder oss/
so ad vier verdū Guds Børn/ huad vier
ecke adur vorum.

v Sa fimte/ Nan̄ frelsar oss fra Nel
uijte / huørt vier forþient høfum med
vorum Syndum/ og jnnleider oss til eig-

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

nar og arftsku eilýfs Lýfs/ Huørt Lýf hañ hefur oss forpient z vtuegad.

Vm þessa sinn Velgiørninga/ med huørriu Christus hefur verkad vora Endurlausn/ vil eg stuttlega tala/ so sem Heilóg Ritning þar vm hliodar.

Hinn fyrste Velgiørningur Herrans Jesu Christi.

VM þañ fyrsta Christi Velgiórning/ sem er/ ad hann giefur oss riettan Výsdoms Skilning/ huórn vier ecke af vorre Natturu/ Skynseme nie Skilninge feinged gietum/ þa talar Joh. Euangelista/ Seigande/ Eingen hefr Gud sied/ vtan hans eingieten Son hefur oss hann openberad/ Þennann Výsdom kallar Zacharias/ Saluhialpareñar Skilning/ vt af Syndanna fyrergiefningu/ fyrer Guds Myskúseme. Christus seiger/ Þetta er þad eilýfa Lýf/ Ad Manneskian vidurkieñe þig ad vera sañan Gud/ og ad Jesus er Christus sem þu hefur vt sent.

Skode nóckur allan Veralldarennar Výsdom/ þa er hann eckert ad reikna j hia þessum Výsdome/ Jm/ ei sem einn

Vaths

Vathsdrope hia þui viſda og mykla Siafar Hafe/ edur eitt Sandkorn hia öllū þeim Sande sem er a Siafar Botne/ edur j öllum Heimenum/ Þui/ huad er þetta hid ſtundlega ad reikna hia þui eilifa? Huad er þta Holldlega hia þui Guddomlega? Ja/ þesse Himneske Viſsdomur/ þad er/ þad Heilaga Euangelium er sa algiörlegur Viſsdomur/ sīn vier höfum af vorum elskulega Frelsara Jesu Christo.

Sa annar Velgiörninguren Herrans Christi.

VT af þeim ödrum Christi vors Frelsara Velgiörninge/ sem er/ ad hīn vor ar Synder j fra oss burt tekur/ þar vm talar so sa Heilage Johañes Baptiſta/ 1. Cap. Johañis/ Sia/ þar er Guds Lamb sem burt tekur Heimsins Synder/ þad er ad skilia/ sīn hīn hefde so talad/ þesse Jesus er sa sem fornfæra skal þ Offur/ huar med hann skal bitala fyrer allar Heims sins Synder.

Eīn til meire Vnderstödu + Skilnings þſſa merkelega Vitnisburdar/ sem Joh. Baptiſta hier giefur Jesu Christo/ þa

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

vilium vier fyrſt fra ſkyra / huar fyrer Chriſtus kallaſt Lamb/og einkum Guds Lamb.

Þar næſt / Hvad þetta Lambed þad verkar og giörer.

Þad þridia/ Huörra vegna hann þetta giörer.

Þui kallaſt þa Jeſus citt Lamb?

Fyrer tuær Greiner. Hin fyrre er/ Ad S. Johañes villde þar med aminña Gydingana og oſſalla/ vm þær Figurur ⁊ Fyrermyndaner ſem fyrerfram geingu i þui gamla Teſtamentenu/ og vm vpp fylling Fyrerheiteſins(ſem Johañes kallar Sañleika)i þui nyia Teſtamentinu. S. Paall ſeiger til Hebr. 10. Ca. Lögmaled hefur ſkuggan þeirra til komande Audæfa / eñ ecke þad rietta Býlæte þad er/ ſaña Raun edur vppfylling Guds Fyrerheita. Þar fyrer var þ Lamb ſem Gydingarner kölludu Paſkalamb/ bæde ein Miñing þeirra Velgiörninga ſem þeim voru veitter:/ og ſo lýka ein Miñing ⁊ Hugleiding þeirra Velgiörninga/ ſem þeir höfdu eñ ad væntа/ Þui ad/ lýka ſem þad Paſkalamb aminte Gydingana/ huörnen Gud hafde frelſad

þa

þa fra þeim Egiptalands Þraldome/ epter Paskalambsins neytsluna j Egipta lande/ sem Gud baud/ So merkte ↄ eirn en þetta sama Paskalamb/ ad Christus skyllde fyrer sýna Korn/ frida ↄ forlýka Mankyned vid Gud/ ↄ frelsa þad j fra Þraldome Syndareñar og Diófulsins/ ↄ gióra þad frý ↄ frialstþar j fra.

Þar fyrer ber nu Christus Nafn þss arar Figuru edur Fyrermyndar/ so ad hañ kallast LAMB/ Ad huór og eirn skal vita/ þad Jesus Christur er sa/ huórn þ Paskalambed j gamla Testamentinu hafde ad merkia. Þui þetta er Almeñeliga týdkad j Heilagre Ritningu/ ad hun giefur Teiknonum (sem eitt edur añad hafa ad þyda) og þeim Hlutum sem fyrer Teiknen merkiast/ eitt ↄ hid sama Nafn/ so Meñ þess liosara vnderstande bæde Teiknen og þeirra merkingar/ Hier fyrer kallast og so Christus Petra/ þad er/ Biarg/ Þuiad þad er framkomed j Christo/ sem sa Steiñ edr Hella edur Biarg hafde ad merkia/ j Eydemórkunne.

Eins hattar Offur j gamla Testamentenu/ kallast forlýkunar Offur/ Þui-

ad/ þad merkte þad rietta forlýkunar Offur/ sem Christus fornfæra skylde fyrer oss a Krossins Alltare/Og þar fyrer kallast Christus eirnen eitt forlýkunar Offur.

Hier med avýsar og so Johannes Baptista/ þar hñ kallar Christum Lamb/ þa meinar hañ þad hann ætte ad Lýsmatast/til eins Offurs/ + skylde þar med giora eirn enda a Leuitaña Fornū/ sem ad týdkudust/allt þangad til Christus var offradur a Krossins Alltare. Þar fyrer talar nu Joha. Baptista so/ Sia Guds Lamb/ sem er hreint og klart an allra Synda og allrar Saurganar/ hñ er Gude þacknæmelegur/ + ma þar fyrer kallast Guds Lamb/sem alleina er þ fullkomliga Offur sem fullnæger ollum Mōnum. Hier fyrer seiger S. Bernhardus so. Eingen kuñe betr Syndena burt ad taka/enn sa sem var an allra Synda hañ kann efalaust mig ad hreinsa/ sem sialfur er an allra Saurinda/ Su Hōnd sem er hrein/kañ best Agn edur Ohreinende vr añars Auga ad taka.

Þetta er nu Sōken/huar fyrer Christus kallast Lamb/ og sierdeilis Guds

Lamb

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

Lamb / Nu latum oss framűeigis at-
huga / huad þta Lamb Guds hefur ad
hafst. Sia (seiger Joh) þar er Guds
Lamb sem burt tekur heimsins Synder /
þad er / Jesus med sinne Fornfæringu /
Pijnu og beiskū Dauda / hañ tekur j burt
heimsins Synder / j þui ad hañ frelsar
heimen af Byrde Syndańa / og leggur
hana vppa sialfan sig / so hann afmæe
hana / fyrer Verdskulldan sialfs sijns
Dauda ⁊ Pijnu.

Med þessū hætte eru nu allar heim
sins Synder lagdar vpp a þetta Guds
Lamb vorn Herra Jesum Christū / Gud
og Mań / vppa þad ad hañ einn skyllde
Syndastraffed lijda / ⁊ bera fyrer oss Gu
ds Reide / og forþienta Bóluan. Og þo
so sie / ad þetta Guds Lamb Christus
være frij fra Synd og Straffe sialfur /
þa tok hañ þo vppa sig sannlega bæde
vora Skulld og Synd ⁊ forþient straff
Syndanna: Þar fyrer seiger Esaias /
Gud lagde vppa hann Ranglæte allra
vor. S. Paall kallar Christum og so fy-
rer þań skuld / MALED ICTVM,
þad er / Bóluadan hlut / Til Gala. 3.
Cap. Þar hañ seiger / Christus sem fyrer

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

oss vard Bǒluan / hañ frelsade oss j fra Lǒgmalsins Bǒluan: J þessare sǒmu Meiningu kallar Paulus vorn Herra Christum / SYND / þar hañ seiger til Corint. 5. Cap. þess añars Pistils / Gud giǒrde þann til Syndar sem ecke visse Synd / fyrer oss / vorra vegna / það er / Gud hñ liet sinn Son verda so lñtelæckadan / lñtelmotlegan / ad hañ var fyrer Gude reiknadur og hallden / fyrer þañ / sem allar Heimsins Synder hafde giǒrt / Huar fyrer? Til þess ad vier yrdum riett lætter fyrer hans Riettlæte.

Hier vt af ma skilia / hvad vors Herra Jesu Christi Pñna ✝ Daude sie dyrmæt: hvad eg vil mz fæm Ordñ framsetia.

Vor Herra Jesus Christus 17. Cap. Johñ. Hañ stuttlega jnne bindur mz sñnum eigen Ordum / hñad Meñ skulu vt af hans Dauda og Pñnu hallda / ✝ seiger so.

Eg Helga mig sialfañ fyrer þa / vpp a þ þeir skulu j Sañleikanum helgast / Hañ seiger / Eg helga mig / það er / Eg em fraskilen Syndugum / og helld mig til Guds med algiǒrdum Kiærleika og Hlydne / ✝ offra mñnum Fǒdur mig sialfan

ſan a Kroſſins Alltare/til eins friðþæg-
ingar Offurs/ ad aller þeir ſem a mig
trua/ſkule fyrer Verdſkulldan mũns oſſ
urs/fraſkiliaſt fwlum Heimſins Verkũ/
og ſamlagaſt og teingiaſt vid Gnd fyrer
eina lifande Tru/og þar med offra ſial-
fa ſig til eins Heilags Offurs/ ſo þeir
meige Heilager verda ad eilyfu:

Þañen talar Chriſtus hier/vm ſiñ
Dauda og Pyning/ ſem hann kallar eina
Helgan/Þad er/eitt Heilagt Offr:/huórt
hañ fyrer ſyna Lærſueina fornfærer/Þ
er/fyrer alla þa ſem truader verda/vpp
a þad/ad þeir kuñe fyrer hans Pyning/
Verdſkulldan ad verda Heilager ſem eitt
Heilagt Offur.

Hier vil eg nu j fæm Ordum jnne
binda/ huad vier hallda ſkulum vt af
Jeſu Chriſti Pyning ↄ Dauda/ſiñ er Þta/
Ad Jeſu Chriſti Motlæte/hñs Pyna ↄ
Daude/er eitt forlyfkunar og friðþæging-
gar Offur/ huar med Guds Son hefur
offrad ſig ſialfan ſynum Himneſka Fóð-
ur/ ſo hañ þar med frelſe alla þa ſem
a hañ trua/ fra Syndonum og þeim ei-
lyfa Dauda.

Þetta er nu Andſuar til þeſſara Spur

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

ninga / huór offrade? Sa eilýfe Kieñe-
maduren Jesus Christus / huad fornfærde hañ? Sialfan sig / huar offrade hñ?
A Krossins Alltare fyrer sín bitra ✝ beiska Dauda / huórium offrade hann sig?
Sýnum Fódur / huórs Reide hañ stillte
med dyrmætu verde sýns Offurs / huórs vegna offrade hañ sig? Mañeskiuñar vegna / huór verdur niotande hñs Offurs? Aller þeir sem trua a hañ.

Vier hófum nu heyrt / huad þetta LAMB GVDS hefr ad hafft / sem er / Ad þ hefur Mañaña Synder vpp a sig teked / ✝ þeirra gollded / Eñ nu framűeigis skulum vier þetta Orded (Heimsins) vfervega: Þuiad hañ seiger / Guds lamb burt tekur Synder Heimsins. Hañ seiger ecke Mañaña / helldur Heimsins / Vppa þad ad vier vita skulum / huad langt ✝ výtt Forþ ienan og Verdskulldan Jesu Christi Offurs sig vtbreidde.

Þar hafa fordum / so sem enn nu / vered tueggia handa Lærefedur sem sig hafa hier forsied / Nockrer meintu / ad Daude og Pýna Chtisti munde ecke óllu til goda koma / helldur fæm einum / sem þar være sierlega vtualder til. Adrer

voru

voru þeir sem meina/ad þar sie nockrar Synder þær sem ecke kunne fyrer ad gieff ast fyrer Verdskulldan Dauda og Pijnu Jesu Christi. Þessum rongum Meiningum vil eg stuttlega eyda/ og med liosu Guds Orde þær nidr sla ok leggia.

En fyrra Meining er þeirra Stoicorum/sem kiemur af rangre Vnderstodu og Skilninge Ritningarenar/ Þviad þr hallda/ ad Gud hafe skapad sua Men til eilyfrar Saluhialpar/ enn suma til Fordæmingar/huort sem þeir giora gott edur illt. Slyk Meining er skadlig/ og fyrer Gude hædungarsamleg/ og leider margan/ anad huort j Mistraust ok Aurvilnan vm Syndana fyrergiefning/ elleg ar j eitt fraleitt yferbotarlaust Sine/ So ad þeir lifa vggunarlaust j þessum Pancka/ad þeir blyfe Saluhialpleger/ fyrst þ þeir eru Vtualder/ J giegn þssare Meiningu eigum vier ad setia Guds myskunsamlegan Vilia/ huor ed Manneskiuna skapadi epter sijnu Bijlæte/ ok fyrerhiet Adam Hialp. Vm þennan Guds Vilia seiger Spæmadurenn / Eg (seiger Gud) vil ecke nockurs Syndugs Dauda/ heldur ad hann vmuernde sier og life.

þetta Ord er liost/hañ vill einskis Dauda/ Sie þetta satt/ sem þad er og i Sañleika/þa eru þ Osañinde/ ad seigia/ hñ ad vill sumer skulu sæluholpner verda/Eñ sumer fyrerdæmder.

Ad sönu er þetta ei olykt ⁊ þa nær eirn fromur dugandis Madur a mörg Börn/hñ villde sañlega ad öll sin Börn yrde god og from/⁊ vm syder niote þss Gods sem Gud giefed hefur/Nu verda sum þuerbroten/⁊ læta sier ecke seigast/ huörke mz Amiñingum nie Aga/ ganga helldur fram i Osidsemdum og ymisleg un pilltskap/ so þau vm syder verda heingd edur stegld. Vm þessara Barna Födur meiga Menn so tala/ad hañ hafe gieted Börg til Galgans/Ei af þui ad þad være hans Asetningur edur Vilie þa hañ Börnen gat/helldur af þui/ad þad so skiede/ sökum hreckuysse Barnanna. So er og vared Gude/ Alla Menn hefur hañ skapad epter sinne Mynd/ og aller vill hañ ad verde sæluhialplegier/ Enn ef nöckrer verda þuerbrotner/ og vilia ecke heyra Euangelium/vilia ecke trua/⁊ vmuernda sier til Guds/helldr æda fram med galenskap i gieng Gude/og deyia so

i þra

j þeirra illsku og Ogudræckne/ þuilijker vill Gud ad sie fortapader/. Bæde fyrer þa skulld ad þeir eru vnder Fyrerdæmningunne/ vegna þeirra Synda a mote Guds Lögmæle/ og þad þeir hafa fyrerlited Guds Rad/vm þa eilijfu Saluhialp sem vier eigum ad fa fyrer Jesum Christum.

Hier meiga Menn epter Ritningariñar Ordum so tala/ad Gud hafe skap ad slijka Nfertrodslu meñ til Fyrerdæmingar/Ef fyrer þa grein/ad Gud villde þad þeir skyllde fyrerdæmast/helldur af þui/ad þad er so skied fyrer sökū þeirra illmensku og hreckuijse/af þui þeir huxa meir vppa þennan fafeingelegan Heim/ helldur eñ vppa Guds Rad og Myskū j vorum Herra Jesu Christo/Vt af þessum Guds eilijfa og oefanlega vilia/ seiger S. Paull/Gud hann vill ad aller Menn verde Saluhialplegar og komest til Sañleiksins vidurkieñingar/ Þui ad þar er eirn Gud/ẏ eirn Medalgöngumadur/ huör ed sig hefur vtgiefed til eiñ rar forlijkunar fyrer alla/ hñ seiger ecke fyrer fa edur nöckra/helldur/fyrer alla/ S. Petur seiger og so/Gud er langlijd-

godar

er godur / og vill ecke ad nockrer skulu forglatast / helldur medtekur alla til jdranar / Huad kañ med liosare Ordū ad seigast? Huór vill hier j mote mæla? Ef Gud vill (sem hans Ord hlioda) ad eingen skule fordæmast / og ad aller verde sæluhialpleger fyrer sañleiksins Vidurkieñing / þa er þad auglios Osañinde / ad seigia / þad Gud vilde ecke ad aller verde Sæluhialpleger / helldur ad hann hafe skapad marga til Fyrerdæmningar En vppa þad / ad vor Samuiska verde þess stódugre j Guds Orde / vm Guds godann Vilia / huór ed vill ad aller Menn verde Sæluhialpleger / þa vil eg fram setia fiógur merkelig Argumenta edr Biuýssingar sem oss skulu noglega styrkia meiga vm Guds Nad / huór ed vtbreider sig til allra Maña a Jórduñe / fyrer vtan nockurt Mañgreinar Alit / huórt þeir eru ryker edur fatæker / aumer edur edlaborner.

I.

Þad fyrsta Argumentum ꝛ Beuýssing / er Guds openberleg Býfalning til allra Maña a Jórduñe / Þa hañ sagde / Þesse er min eiskulegur Sonur / Hlyded hónū / Christ-

Christus seiger eirnen/ Prediked Euangelium vt vm allan heimen/ fyrer öllū Skiepnum/ pad er fyrer öllū Mönnum. Huór vill nu vera so diarfur/ ad hann seigia porer/ Gud skipar ad aller skulu Euangelium heyra/ eñ hañ vill þ sumer skulu trua og verda Sæluholpner/ enn sumer skulu forherdast af Euangelij Predikun/ t verda fyrerdæmder. Ad hafa þess hættar Meining vm Gud/ er ad sönnu ad hallda hñ verra eñ eiñ ranglætan ofrÿkis Mann sem lofar þui/ huad ecke er hans aluara/ þad er/ ad hafa añad j hiarta eñ añad j Munne/ huad fiærslægt er fra Gude.

Pad añad Argumentū t Biuissing/ þa er Guds rÿkugleg Lofan t hans Fyrerheit/ Komed/ seiger Christus/ aller til mijn sem erud þungader/ eg vil ydur endurnæra. Item. Huór sem truer/ t verdur skÿrdur hañ mun verda holpen/ Enn huór sem ecke truer hañ verdur fordæmdur/ S. Paall seiger/ Sa ed truer/ hann skal ei til Skammar verda/ Hingad heyrer allt þad Predikunar Embætte/ sem Gud hefr stickad hier j heime/ ad kalla Menn ena þar med til Guds Vidurkiennings/

M. Christe

Christus seiger sialfur med þerum Orð-
um/ ad hañ sie j Heimen komen til ad
giöra þa hinu Syndugu sæluholpna/
Eg (seiger hañ) er komen sælu holped ad
giöra/ þad huad fortapad var.

Þad þridia Argumentum og Beuÿ-
sing/ þa er þad dyrmæta Verd Pÿnũar
ꝛ Daudans Jesu Christi/ sem er fullnad
ar Bitalingur ꝛ Boot fyrer allra Maña
Synder. Christus gaf sig sialfan til eins
Bitalings fyrer alla Meñ. Og Joha:
Baptista seiger/ Sia Guds Lamb sem
burt tekur Heimsins Synder. Item/ seig
er Christus/ Þa eg verd vpphafen vil
eg alla til mÿn draga. Þar fyrer seiger
S. Paall/ Naden er yfergnæfanlegre enn
Synden/ þuiad Christi Offur er ad sõnu
so dyrmætt/ ad þad kann af ad ma og
burt taka allar Synder. Item. Johañ-
es seiger/ Christus er eitt forlÿkũar Off
ur fyrer vorar Synder/ ecke ad eins fyr-
er vorar/ helldur og eirnen fyrer alls
Heimsins Synder.

Þad fiorda Argumentum edur Be-
uÿsing/ þ Guds Vilie sie/ ad aller Meñ
true og verde Sælu holpner/ þa er þad
Jñsigle ꝛ su Stadfesting/ sem Gud he-
fur

fur giefed öllū Mönum vppa sÿna Nad og Myskun / Ēn petta Jñsigle er skÿrnareñar Sacramentū / Fared seiger Christus og kieñed öllum Piodum / og skÿred þar j Nafne Födur / og Sonar / ⁊ Heilags Anda. Pessa Bifalning hefur Gud stadfest hier j Heime / Bæde mz sine Magt og med sinne Nalægd.

Vm Makteña talar hañ so / Mier er giefen öll Magt a Himne og Jördu. Ēn vm sÿna Nalægd talar hñ so / Sia / Eg vil vera med ydur alla Daga jnn til Heimsins enda. Ef vier nu alÿtum Christi Magt / þa kañ hann ad göira hvad hañ vill a Himne og Jördu / Alÿtum vier Christi Bifalning / þa vill hann ad aller Heidingiar skule skÿrast / til eins vitnisburdar / ad Gud vilie fyrergiefa þeim Syndernar sem snuast til hans / Alÿtum vier hans Nalægd / þa er hann þ sialfur sem skÿrer med Heilögum Anda / ⁊ hid jñra verkar þad huad Vatned vt an til vtpyder ⁊ merker.

Pessar eru þar þriar oraskanlegar Bevÿssingar / sem noglega stadfesta / þ Gud vilie ad aller Meñ verde saluhialp leger / og snue sier til Guds fyrer Trunaleger / og snue sier til Guds fyrer Trunaleger / og snue sier til Guds fyrer Trunale

Gott

á Jesum Christum. Vid þennann Guds Vilia skal eirn og sierhuór fastlega hall da sier/ef hañ vill verda sæluholpen/ ok ecke læta sig leida fra þessu Guds Vilia/ huórn Gud hefur openberad oss j sýnu Blessada Orde/ og þeñan siñ Vilia hefur so kröptuglega ok marguýslega stadfest. Þetta ma nu liosslega merkia/ j giegn þeim röngu Kieñefedrum er so afuirda Dauda og Pýnu Christi/ ad Christi Forn og Offur sem hann offrade til Syndaña fyrergiefningar/ kome ecke öll um Mönnum til goda/ helldur fæm einum sem þar eru sierlega vtualder til.

Su önnur Villa/ er þeirra sem seigia/ ad nöckrar Synd sieu þær sem ecke kunne fyrer Jesu Christi Pýnu og Dauda ad fyrer giefast. J giegn þessare Meiningu standa S. Pælls Ord/ Nuar Synden yfergnæfer/ þar yfergnæfer myklu meir Naden j Jesu Christo/ Sömuleidis þar Johañes seiger/ Ad Christus tekur burt heimsins Synder/ hier avýssar Johañes ad Christi Offur er myklu kroptugra til Sæluhialpar/ eñ allar heimsins Synder til Fyrerdæmningar. Þar fyrer skulum vier so hugsa/ Ad þetta er

su

su hin allra þyngsta Synd/ad meina ed-
ur hallda/ þad nockur Synd sie stærre en̄
Nad Guds j Jesu Christo. Slijk var
Synd Cains/ su er han̄ leidde til Auruil-
nanar og efasemdar vm Guds Nad/og
sagde/ Min Synd er stærre en̄ Naden/
En̄ Augustinus svarar honum riettelega
hier til/ ⁊ segier/ Þu lygur Cain/ þuiad
Guds Nad er stærre enn allra syndugra
Mana Eymd ⁊ Vesölld.

Fyrer þui/ huor sem j Efasemd fel
lur sokum fiölda sinna Synda/ sa same
vaner Gud Lyge/ han̄ fyrerlijtur ⁊ þan̄
Eid er Gud svared hefur/ Ad han̄ ecke
vilie nockurs syndugs Mans Dauda/
helldur ad hann vmuende sier og life.
Nær ed Gud alijtur þijnar Synder/ þa
hyrar han̄ og minest vppa þad dyrma-
ta verdkaup sem fyrer Syndena gollded
er/ þuott Verdkaup ad er hans Sonar
Pijna og Daude. Bernhardus segier so/
Eg helld/ ad Herrans Pijna sie þad o-
fallualltasta Argumentum eda Beutijng
vpp a Syndanna fyrergiefning/ þuiad
hans Rodd hliodar mykiu kroptugra en̄
Rodd Abels Blods/ þui þesse kallar
Syndana fyrergiefning j hiortum þrra

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

Vtuöldu / af þui ad hañ er i Daudan vt giefeñ vegna vorra Synda / Og þetta er ann alls efa vijst og tru anlegt / þ Daudi en Christi er kröptugre til hins gooda / helldur eñ vorar Synder til ens Vonda. Manasses seiger so / Minnar Synder eru fleire eñ Sandkorn a Siafar Botne / Eñ þu Drotten frelsar mig fyrer saker þiñar myklu Myskunsemdar.

Hier kann einhuör ad seigia / Eg hefe so opt Yferboot lofad / enn eg hef þo med Vilia og Verke syndgast / t vijs vitande giört j mote minne Samuisku. Hier suara eg so til· J þann mata ad syndga j mote siñe eigen Samuisku / þad er hrædelegt / andstyggelegt / og haska samlegt fyrer Gude / og marger hafa hier fyrer orded fordæmder. Sem var Saul / og adrer fleire / og þeir sem skyndelega burt kallast af Heimenum ann Idranar. Þo lijka vel samt t madur / þa er Naden j vorum Drottne Jesu Christo meire og stærre / eñ bæde þesse Synd og allar adrar Heimsins Synder. Þar fyrer / Huörier sem hellst af þessare Synd vpp rijsa og lata þar af med aluarlegre idran / þeir öölast Syndaña fyrergief

nin

ning fyrer Dauda og Pijnu Christi.

Ezechiel Prophete serifar 33. Cap. Ad Israels Lydur hafe pessa Freistne fornumed / Vort Ranglæte (seigia peir) og vorar Synder ganga yfer oss / t vier preytumst par vnder / huórnen er p mógulegt ad vier kuñum ad lifa? Seig pu peim / seiger Drotten / So sañlega sem eg life / pa vil eg ecke nóckurs Syndugs manns Dauda / helldur ad hañ vmuende sier og life / Snued ydur / snued ydur fra ydar vondum og skieñelegum Veige / hui vilie pier deyia pier af hwse Israel?

Par fyrer / huór hann nu angrast i sine Samuisku fyrer sókum fiólda sinna Synda / sa same huxe vm Guds storu Myskū sem yfer gnæfer óll Guds Verk / hañ huxe / ad pad er Guds Vilie ad hñ vill ecke nóckurs syndugs Manns Dauda / helldur haus Vmuendan t Sæluhialp / hñ alýte pad dyra Verd er Christus hefur gollded / huórt ed langt yfer geingur allar Synder / huórsu storar og slæmar sem pær eru / hañ same huxe a Epterdæme peirra sem idrast hafa og feingu Næd / par peir adur framed hófdu hrædelegar og otelianlegar Synder / so

sem var Keyfaren/ Manasses/ og adrer fleire.

Siæe sig huór vandlega fyrer/ ad hañ ecke legge þessa Synd ofan a allar adrar/sem er Auruæntíng Guds Myskunar/ þui huór hañ so giórer/ ad hñ efar Guds Myskum/ hñ helldur Gud eirn Lygara/ þad er hin allra stærsta Synd/ helldur skal hñ giefa sig fram fyrer Guds Nadarstol/ og girnast Syndaña fyrergiefning af Hiarta/ og bidia þar vm med trulegre Bæn/ og ecke aflæta fyrr eñ hañ finnur andsuar j sínu Hiarta fyrer Heilags Anda vpplysing/ huad obrigdanliga skiedur/ so framt sem þu huxar þier ecke framar meir ad syndgast. Þegar nu þitt Hiarta er so stódugt orded/ t þu finnur gudlegt Andsuar/sem er Huggan j Hiartanu/ þa þegar mættu vel ganga til Kieñemañsins/ og þiggia af hónum Stadfesting og Aflausn/t Sacramented:

Eñ huór hann læst girnast Nad af Gude og fyrergiefning Syndanna/ bidur vm Aflausn/og hefur þo samt t adur jllan Asetning/ eda ætlar sier nockurt þad ad giora sem Gude er a mote/ sa

same

ſame er einn Bölnadur Augnaſkalkur / ſo leinge ſem hañ blýfur vid þenan Aſetning / hañ meinar ad Gud ſie hónum lýkur / og hafe þocknan til Lyga og Hræſnaraſkapar / huór hñ nu þſſ hættar er / hañ þarf ecke ad vænta ſier neins gagns af þeirre Aflauſn ſem hñ af Kieñemañenum fær / ecke helldur af Sacramente Alltaris / helldur er hónū bædi Aflauſnen og Sacramented til enn ſtærra Doms ↄ Fyrerdæmningar.

Huad ſkulū vier tala hier vm Chriſtum / huór ed ſialfur ſeiger / ad þar ſie ein Synd ſem alldrei verdur fyrergiefen? Matth. 12. Cap. Seiger hañ ſo / Allar Synder og Gudlaſtaner fyrergiefaſt Mónonum / eñ Andans gudlaſtan fyrergiefſt ecke / huórke j þeſſum Heime nie ódrum / Mar. 3. Cap. Seiger hann ſo / Sañlega ſeige eg ydur / Allar Synder ↄ Gudlaſtaner fyrergiefaſt Mañenum / eñ ſa ſem gudlaſtar þañ Heilaga Anda / hñ hefur ecke fyrergiefnig ad eilýfu / helldur er hañ eilýfs Doms verdur. Johañes ſeiger ſo 5: Cap. Hins fyrra Piſtils / Ef einhuór ſier ſinn Brodur ſyndga nóckra þa Synd ſem ecke er til Dauda / þa bid

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

le fyrer hönum/ og hañ skal giefa hönū Lyf/En eg tala vm þa sem ecke syndga til dauda. Þar er ein Synd til Daudans Eg seige ecke ad þu bidier fyrer hönum. Allt Ranglæte er Synd/ enn er þo ecke Synd til Daudans. J Pistlenum til Hebreos seigest so j 6. Cap. Þad er omögulegt/ ad þr sem einusinne hafa vered vpplyster/ og hafa smackad þa Himneskū Gæfu/ og hafa orded þluttakarar af þeim Hellaga Anda/ Jæ/ hafa smackad þad goda Guds Ord og Krapt hins Helga Anda/ Ef þr enu sömu af falla/ ad þr vppa nytt endurnyest fyrer Jdranena/ þeir sem krossfesta Guds Son ad nyiu/ ℞ af hönū skimp hallda/ Og 10. Cap. Ef ad nöckrer syndga vijs vitande (þad er so mijked talad) Ef nöckrer falla fra Christo/ epter Þ ad þeir hafa Sañleiken vidurkient/ þa er þar eckert añad O ffur epter fyrer þeirra Synder. Paulus til Timo. 1. Cap. Hins fyrra Pistils seiger so/ Eg sem var fyrr meir Forsmænare/ Ofsoknare/ Gudlastare/ eg hefe nu audlast Nad/ þuiad eg giörde þ af Fauisku j Vantru.

Synd

Synd j mote Heilog-
um Anda.

ÞEssar Greiner j Heilagre Ritningu a-vÿsa oss/ad þar er ein Synd sem ecke verdur fyrergiefen huórke j þessum Heime nie ódrum/ þessa Synd kalla Menn Almenneliga/ Synd j mote Heilogum Anda/ vm huória ad marger Menn hafa ymesleg ar Meiningar/og þar af kiemur ad marger falla j Efaseme ok Aurvilnan/ so þad þeir ecke vita huad þeir trua skulu/marger eru j þeirre Meiningu ad þeir ad vÿsu sialfer hafe þessa Synd drygt/ og þar fyrer ganga þeir fram j storre Hiartans sorg/og lifa an Yferbotar.

Enn sa hann vill med gaumgiæfne yfervega Ritningena/ ok saman bera þad sem Ritningen talar vm þessa Synd/ sa kann vel ad fa rietta Vnderstódu þessa Mals. Þar fyrer vil eg nu saman bera ædur nefnda Vitnisburde og Ritningarinnar Greiner/ og so þar af taka eina liosa Vtlegging/ huór ok huilÿk þ þesse Synd sie/ sem er a mote þeim Heilaga Anda.

Early European Books, Copyright © 2009 ProQuest LLC.
Images reproduced by courtesy of the Royal Library, Copenhagen.
LN 926 8°

Fyrſt lærum vier af S. Johañis Ordum huór og huilýk þeſſe Synd er/ ſem kallaſt Gudlaſtan edur Synd j mote Heilógum Anda/ Allt Ranglæte (ſeiger hañ)er Synd/eñ ecke til Dauda. Item/ ef nóckur ſyndgar/þa hófum vier Medal gangaran Jeſum Chriſtum/ſem er eitt forlýkunar Offur fyrer vorar Synder/ ecke alleinaſta fyrer vorar/helldur fyrer allar Heimſins Synder: Þeſſer tuenner Vitnisburder kieña oſſ lioſlega/ ad þeſſe Synd ſem kallaſt ad vera j mote Heilóg um Anda/er ecke Afertrodſla Lógmals- ſins/edur Guds tiu Bodorda. Þui þta Ord ſem Johañes hefur hier j Griſku mæle/og a Latinu er vtlógd Injuſticia, þad merker allt þad ſem ed ſkier j mote Lógmalenu/huad Johañes ſeiger ad ſie Synd/eñ þo ei til Dauda/þad er/Ecke j mote þeim Heilaga Anda. So merk- ium nu fyrſt vt af þeirre Synd/ad hun er ei afganga Guds Lógmals/huórke j mote fœrrum nie fleirum Guds Bodord um/Eñ þo lýka vel er þad vitanda/ad fyrer ſig er huór ein Synd Dauda verd.

Mattheus og Marcus kieña oſſ/ad Materia/ eda Efne þeſſarar Syndar ſie ad

ad ofsækia Christum / og fra sier ad re-
ka hans Heilaga Ord og Euangelium.
Þo fullgiöreſt þesse Synd ecke þar med
ölldungis / þuiad S. Petrus tok til jd-
ranar a Huitasunu dag þriar þusund-
er Manna / huörier ed ofsokt höfdu Chri-
stum allt til Krossins Dauda.

Sancte Paull giörer greinar mun a
mille tueggia handa Manna / sem Christ
um ofsækia. Sumer giöra þad af fa-
uisku / af þui þeir ecke betur vita. Adrer
giöra þad vijsuitande og viliande / þo
ad þeir vite ad þeir giöre þad rangt og
illa / Eg var seiger S. Paull Ofsoknar-
re / eg lastade Christum / og ofsokte þa
sem predikudu hans Euangelium / eſſ mi-
